

Flateyri, 11. nóvember 2014

Efni: Bréf vegna Starfsleyfistillögu ÍS47 í Önundarfirði

Þann 24. september s.l. auglýsti Umhverfisstofnun (UST) tillögu að starfsleyfi fyrir ÍS47 til framleiðslu á allt að 1.200 tonnum af þorski (áframeldi) og regnbogasilungi í sjókvíum í Önundarfirði.

Það er vilji Dýrfisks að vinna með öðrum eldisfélögum þ.m.t. ÍS47, sem við þegar vinnum með, að uppbyggingu eldis á Vestfjörðum. Bréf þetta er árétting á því að Dýrfiskur og systurfélög þess Arctic Oddi og Vestfirðingur eru nú þegar með eldi og vinnslu eldisafurða í Önundarfirði og áforma frekari uppbyggingu á því svæði.

Dýrfiskur var fyrst fyrirtækja til þess að hefja silungaeldi í firðinum árið 2012 á gildandi rekstrarleyfi sínu (IS-36098) frá því í apríl 2012. Á sama tíma var Dýrfiskur í samstarfi við Sjávareldi um útsetningu seiða haustið 2012 á elsta rekstrarleyfi til silungaeldis (IS-36083) í firðinum, en það var útgefið í júlí 2011. Í sumar tók Vestfirðingur systurfélag Dýrfisk alfarið við rekstri og umsýslu þessa eldis (handhafabreyting) og er þar með silungselði og tilraunaeldi á bleikju í sjó. Auk þessa er Arctic Oddi ehf. með rekstrarleyfi (IS-36120) til þorskeldis sem hefur ekki verið virkt en félagið er með fullvinnsluframléiðslu á eldisafurðum á Flateyri.

Umhverfisstofnun hefur áður verið kynnt um áform Dýrfisks um uppbyggingu í Önundarfirði og þá fyrirætlun félagsins sem upphaflega gerði ráð fyrir 2.000 tonna kynslóðaskiptu eldi. Eftir umsagnarferli hjá Skipulagsstofnun var fyrirhugað eldi minnkað í 1.100 tonn til samræmis við niðurstöðu umsagna Hafrannsóknastofnunnar og Umhverfisstofnunnar. Samt sem áður úrskurðaði Skipulagsstofnun að framkvæmdin væri háð mati á umhverfisáhrifum og er sú ákvörðun nú í meðhöndlun hjá Úrskurðarnefnd Umhverfis og Auðlindamála.

Eldisleyfi Dýrfisks og Arctic Odda eru í nálegð við fyrirhugað eldi ÍS47 og því mikilvægt fyrir félögin að vinna saman að uppbyggingu eldisins á þessu svæði. Bréf þetta er til að árétta núverandi eldi og eldisáform Dýrfisks og systurfélaga þess en er engan vegin ætlað til höfuðs áformum ÍS47. Það er fullur vilji til þess hjá Dýrfiski að vinna saman með öðrum hagsmunaaðilum að uppbyggingu eldis í Önundarfirði, t.d. með samhæfðri útsetningu og hvíld svæða (kynslóðaskiptu eldi).

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads "Sig. Pétursson".

Sigurður Pétursson

Framkvæmdastjóri Dýrfisks hf.